



Hafnarfjallið og nágrenni skarta hér haustlitum eftir langt og gott sumar. Vonandi verður komandi sumar ekki síðra. Mynd: Róbert

Orlofshús 2011

Stéttarfélag Vesturlands óskar félagsmönnum gleðilegs sumars og minnir um leið á orlofshúsin og orlofsíbúðirnar, sem félagið býður upp á sumarið 2011. Leiguverð orlofshúsa og orlofs-

íbúða verður það sama og síðustu fjögur sumur.

Sem sagt verðið er mjög hóflegt, eða kr. 15.000 fyrir vikuna, með einni undantekningu að leig-

an fyrir Kiðárskóg 10 verður kr. 18.000.

Umsóknir um orlofshúsin þurfa að berast skrifstofu Stéttarfélagsins í Borgarnesi í síðasta lagi 20.

apríl n.k. Gert er ráð fyrir að útlutun liggi fyrir 5. maí.

Gerð er hér í stuttu máli og myndum grein fyrir þeim möguleikum sem í boði eru af hálfu félagsins sumarið 2011.

Vouchery na przeloty Icelandair

Zarząd funduszu wakacyjnego Związków Zawodowych Vesturlands zaprasza swoich członków do zakupu voucherów do wykorzystania w Icelandair. Vouchery o wartości 25.000 koron będą sprzedawane w cenie 16.000 koron do wykorzystania na wszystkie loty Icelandair. Członkowie związku, którzy nie kupili vouchera w zeszłym roku, w tym roku mogą kupić dwa, Ci którzy płacili składki związkowe pracując więcej niż na pół etatu ale mniej niż na

pełny etat mogą kupić jeden voucher. Vouchery ważne są przez dwa lata. Wnioski o przyznanie vouchera można składać na dołączonym formularzu. Reguły przydzielania voucherów będą takie same jak w przypadku domów wczasowych. Uwaga. W tym roku, do sprzedaży mamy tylko 60 voucherów.

Bjóðum áfram útilegu og veiðikortin!

Stéttarfélag Vesturlands býður félagsmönnum að kaupa Útilegukortið sem veitir aðgang að meira en 30 tjaldsvæðum og Veiðikortið sem einnig veitir aðgang að fleiri en 30 veiðistöðum.

Félagsmenn geta keypt útilegukortið á kr. 7.000. og veiðikortið á kr. 4.000.

Hægt er að finna allar upplýsingar um þessi kort á www.veidikortid.is og www.utilegukortid.is.

Nú er um að gera að skoða landið og njóta gæða þess á sem ódýrast-



an hátt.

Ekki þarf að sækja um þennan kost og við munum selja kortin í allt sumar.

www.stettvest.is

Stéttarfélag Vesturlands

Starfssvæði: Hvalfjarðarsveit Borgarbyggð Skorradalur
Eyja og Miklaholtshreppur Dalabyggð

Félagsfréttir

10. tölublað mars 2011

Ábyrgðarmaður: Signý Jóhannesdóttir.

Stjórn Stéttarfélags Vesturlands:

Signý Jóhannesdóttir, formaður, Sigurbór Óskar Ágústsson, varaformaður, Baldur Jónsson, ritari, Kristján Jóhannsson, vararitari, Kristín Anna Kristjánsdóttir, meðstjórnandi, Jónína Guðrún Heiðarsdóttir, meðstjórnandi. Aðrir meðstjórnendur og formenn deilda: Ívar Örn Hauksson, form. IMS-deildar, María Erla Guðmundsdóttir, form. MFP-deildar, Elín Guðrún Tómasdóttir, form. DRS-deildar, Guðbrandur Magnússon, form. ISD-deildar, Einar O. Pálsson, form. DVS-deildar.



Glaðheimar á Blönduósi

Stéttarfélag Vesturlands hefur tekið á leigu nýlegan sumarhústað á Blönduósi.

Hús og búnaður: Húsið er 56 fm, tvö svefnherbergi með svefnæðstöðu fyrir 5 til 6. Allur hefðbundinn búnaður er í eldhúsi s.s. eldavél með ofni og ísskápur. Umhverfis húsið er stór skjólgóður pallur með heitum potti.

Staðhættir: Gláðheimar eru á bökkum Blöndu. Þar er tjaldstæði og sumarhúsabyggð. Þjónustu-

miðstöð er á svæðinu. Kaupstaðurinn er handan þjóðveggarins og þar er öll almenn þjónusta. Glæsileg ný sundlaug var opnuð á Blönduósi sumarið 2010. Veitingastaðurinn Potturinn og Pannan er í göngufæri frá tjaldstæðinu. Í Húnavatnssýslum eru margir áhugaverðir staðir að skoða og margt hægt að gera sér til skemmtunar.

Leigutími: 1. júní til 26. ágúst.



Ölfusborgir

Hús og búnaður: Húsið var allt endurbyggt árið 2006, sólstofa var byggð við húsið, nýjar innréttingar og ný tæki eru í húsinu. Á glæsilegri veröndinni, sem er afgirt, er heitur pottur og gasgrill. Svefnaðstaða er fyrir 6-8 manns, sængur og koddar f. 8 og borðbúnaður f. 8. Húsið er búið öllum venjulegum búnaði fyrir 6 til 8 manns.

Staðsetning og staðhættir: Í Hveragerði, sem er í göngufjarlægð frá bústaðnum, er alla þjónustu að finna og svo er líka stutt að skreppa á Selfoss sem er í ca 5 mín. akstursfjarlægð. Einnig

er stutt að keyra t.d. á Stokks-eyri, Eyrarbakka, Þorlákshöfn og í uppsveitir Árnæssýslu þar sem margt skemmtilegt er að skoða. T.d. Draugasafnið á Eyrarbakka eða Dýragarðinn í Slakka, boðið er upp á kajaksiglingar frá Stokks-eyri og flúðasiglingar niður Hvítá. Við vekjum einnig athygli á því að hægt er að fá ýmsa þjónustu keypta hjá Heilsustofnun NLFÍ sem er í næsta nágrenni.

Leigutímabil í boði: Orlofshúsið við Ölfusborgir stendur félagsmönnum til boða í allt sumar, frá 3. júní til 2. september.



Illugastaðir í Fnjóskadal

Hús og búnaður: Hús félagsins á Illugastöðum í Fnjóskadal er notalegt og vel búið orlofshús með stórri og góðri afgirtu verönd og heitum potti. Svefnpláss er fyrir 6-8 manns, sængur og koddar f. 8 og borðbúnaður f. 8. Húsið er einnig búið öllum venjulegum búnaði fyrir 6 til 8 manns.

Staðsetning og staðhættir: Kyrrðin og náttúrfegurð Fnjóska-

dalsins er rómuð og ekki langt að fara á Akureyri, til Húsavíkur og/eða Mývatns til að njóta þess sem þar er boðið upp á. Þjónustumiðstöðin á Illugastöðum býður upp á margs konar þjónustu, þar eru seldar hinar ýmsu nauðþurftir og einnig er þar mjög góð sundlaug.

Leigutímabil í boði: Sumarhúsið stendur félagsmönnum til boða í allt sumar, frá 3. júní til 2. sept.

Flugávisanir með Icelandair

Stjórn Orlofssjóðs Stéttarfélags Vesturlands hefur ákveðið að bjóða félagsmönnum að kaupa ávisanir á flugferðir í formi gjafabréfa frá Icelandair. Gjafabréfin verða seld á kr. 16.000 og gilda sem 25.000 kr. greiðsla upp í flugfargjald með Icelandair í allar ferðir félagsins.

Þeir sem ekki keyptu orlofsávisanir sl. sumar geta nú keypt tvær ávisanir, hafi þeir greitt iðgjald

miðað við fullt starf, ef starfshlutfallið var minna en fullt, þó meira en hálft er hægt að kaupa eina ávisun.

Gildistími flugávisananna er 2 ár.

Sækja þarf um ávisanirnar á meðfylgjandi eyðublaði og þeim verður úthlutað á sama hátt og sumarhústaðnum.

Athugið að einungis 60 ávisanir verða til sölu að þessu sinni.

Aftur bjóðum við tvo sumarbústaði í Húsafelli



Um er að ræða nýja húsið okkar að Kiðárskógi 10 og svo Kiðárskóg 4 sem við höfum verið með í leigu sl. tvö ár. Ekki þarf að kynna Vestlendingum dásendir Húsafells sem sumardvalarstaðar. Stéttarfélag Vesturlands hefur framlengt leigusamning fram á haust um Kiðárskóg 4, húsið er 62 fm. auk 25. fm. svefnlofts. Tvö svefnherbergi og stofa, eldhúskrúkur og baðherbergi með sturtu. Heitur pottur er á palli.

Húsin verða búin öllum venjulegum búnaði fyrir 6 til 8 manns. Nýja húsið okkar, Kiðárskógur 10, er 94 fermetrar auk svefnlofts. Gistiaðstaða er fyrir 8 á neðri hæð. Á svefnlofti eru 3 rúm og nokkrar dýnur. Húsið er búið öllum venjulegum búnaði ásamt heitum potti á palli.

Leigutími: Kiðárskógur 10, frá 3. júní til 2. september en Kiðárskógur 4, frá 3. júní til 26. ágúst

Dagpeningar og viðmið breytast

Þann 1. janúar sl. hækkuðu hámarksdagpeningar sem Sjúkrasjóður Stéttarfélags Vesturlands greiðir til þeirra sem missa atvinnutekjur vegna veikinda, úr kr. 315.000 í kr. 330.000. Sjúkrasjóður tryggir að veikur félagsmaður hafi 80% af meðaltekjum á sex mánaða tímabili, sem lýkur oftast tveimur mánuðum fyrir umsókn. Taka á tillit til þeirra greiðslna sem umsækjandi á rétt á frá Sjúkratryggingum Íslands og skulu samanlagðar tekjur þó ekki fara yfir þessa upphæð. Stjórn sjúkrasjóðs hefur ákveðið að félagsmanni sem var í 100% starfi skuli þó aldrei greiddir lægri dagpeningar en kr. 165.000, eða lágmarks dagvinnutrygging. Sjá má reglugerð Sjúkrasjóðs Stétt Vest á heimasíðu félagsins og bætur Sjúkratrygginga eru birtar á www.tr.is.

Dánarbætur sem greiddar eru til aðstandanda félagsmanna sem lát-

ast og voru virkir á vinnumarkaði verða kr. 240.000. en kr. 145.000 eru greiddar vegna þeirra sem eru gjaldfrjálsir en voru virkir greiðendur samfellt í fimm ár fyrir töku ellilífeyris eða örorkubóta. Jafnframt var tekin ákvörðun um að miða þá upphæð sem þarf að greiða í félagsgjöld til að njóta fullra réttinda til hinna ýmsu styrkja sem Sjúkrasjóður greiðir, við fullar atvinnuleysisbætur og verður því kr. 17.940 á ári. Styrkir þeirra sem greiða minna eru reiknaðir hlutfallslega, svo fremi að greitt hafi verið fyrir viðkomandi í sex mánuði til sjóðsins. Alþýðusamband Íslands hefur sett reglugerð sem skyldar stéttarfélög til að virða ákveðin lágmark, þegar þau setja fram hámarks bóta-reglur, og skal miða við launavísitölu. Stéttarfélag Vesturlands hefur það fyrir vinnureglu að breyta þessum viðmiðunum um hver áramót.



Akureyringar segja að veðrið þar sé allaf gott, það á vissulega við á þessari mynd. Skólin skín á fólkið og úr andlitunum.

Furulundur 8o, Akureyri

Hús og búnaður: Íbúðin að Furulundi 8 o, hefur svefnpláss er fyrir 6-8 manns, sængur og koddar f. 8 fylgja og borðbúnaður f. 8. Íbúðin er búin öllum venjulegum búnaði fyrir 6 til 8 manns. Þetta er 3ja herb. íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi þar sem eingöngu eru orlofsíbúðir í eigu stéttarfélaga. Íbúðin er í góðu ástandi og á það einnig við um allan húsbúnað. Stór afgirt verönd er við íbúðina.

Staðsetning og staðhættir: Íbúðin er í hjarta bæjarins þar sem stutt er í sundlaug Akureyrar og miðbæinn. Á Akureyri er alla mögulega þjónusta að finna, einnig er þar ríkt menningarlíf. Á Akureyri

er einnig nyrsti 18 holu golfvöllur í heimi, Jaðarsvöllur. Kjarnaskógur er fjölbreytt útivistarsvæði með alhliða möguleikum til hollrar útivistar. Þar eru tveir blakvellar sem ætlaðir eru almenningi og ýmis leiktæki fyrir börn og fulloröna. Góð grillaðstaða er þar fyrir almenning og er mjög vinsælt hjá fjölskyldum og hópum að safnast saman í Kjarna, grilla og eiga saman góðar stundir við leiki og náttúruskoðun. Sjá nánari upplýsingar á www.akureyri.is

Leigutímabil í boði: Íbúðin stendur félagsmönnum til boða í allt sumar, frá 3.júní til 2. september.



Ránargata 11, Reykjavík

Félagsmönnum býðst íbúð til leigu í 101 Reykjavík. Leiguverð er kr. 3.500 á sólarhring.

Um er að ræða 3ja herbergja íbúð að Ránargötu 11, eða í hjarta höfuðborgarinnar.

Húsnæðið er fullbúið og ætlað til skammtímaleigu hvort sem um er að ræða orlofsdvöl eða vegna einhverra erinda í borginni s.s. vegna lækniþjónustu.

Gistiaðstaða er fyrir 4-6.

Virka daga er hægt að fá íbúðina leigða dag fyrir dag en um helgar verður leigt frá föstudegi til sunnudags. Ránargata 11 stendur félagsmönnum til boða til 30. júní nk. Frá 1. júlí tekur svo útleiga að Ásholti 2 við, í glæsilegri eign Orlofssjóðs Stéttarfélags Vesturlands.

Orlofssjóður festir fé í sumarhúsi og íbúð



Kiðárskógur 10 stendur svolítið til hliðar við götuna í góðu skjóli.

Sumarhús í Húsafelli:

Orlofssjóður Stéttarfélags Vesturlands hefur á sl. tveimur árum verið að kanna áhuga félagsmanna á tveimur kostum. Annars vegar var það áhuginn á því að njóta orlofsdvalar í Húsafelli. Uppi höfðu verið efasemdir um að félagsmenn hefðu áhuga á að fara svo stutt að heiman í orlofshús. Það er skemmst frá því að segja að áhuginn á Húsafelli hefur verið mjög mikill. Vorið 2009 tókum við á leigu sumarhús að Kiðárskógi 4 í eitt ár og sl. vor framlendum við þá leigu og bættum við öðru húsi, Kiðárskógi 6. Það hefur verið mikill áhugi fyrir þessum húsum. Nú höfum við fest kaup á mjög glæsilegu húsi, Kiðárskógi 10. Það er mun stærra og á allan hátt glæsilegra og betur

búið en húsin sem við höfum leigt. Við munum samt freista þess að bjóða áfram upp á dvöl í Kiðárskógi 4 næsta sumar, til að geta komið til móts við sem flesta. Stjórn Orlofssjóðs hefur tekið ákvörðun um að hafa leigu á sumarhúsunum óbreytta á komandi sumri, nema hvað Kiðárskógur 10 verður leigur á kr. 18.000, en önnur hús á kr. 15.000, fimmta sumarið í röð.

Íbúð í Reykjavík:

Á sama hátt og uppi voru efasemdir um áhuga félagsmanna á

dvöl í Húsafelli, efuðust menn um þörf eða áhuga fyrir íbúð í Reykjavík. Sumarið 2009 var tekin á leigu íbúð að Ránargötu 11 í Reykjavík í eitt ár. Leigusamningurinn var framlendur um ár og rennur út 30. júní nk. Þessi tilraun hefur tekist mjög vel og er mikil ánægja með þjónustuna og ásókn í íbúðina. Orlofssjóður hefur nú fest

þar sem á annan tug íbúða eru í eigu stéttarfélaga. Íbúðin var fjögurra herbergja í upphafi og er því mjög rúmgóð. Henni fylgir staði í bílageymslu, þar sem mjög góð þvottastaða er fyrir bíla. Þvottahús með vönduðum tækjum er í sameign. Eigninni fylgir líka fallegur lokaður garður og er hægt að ganga beint úr íbúðinni út í garðinn. Húsfélagið hefur í sinni þjónustu mann sem sér um alla sameignina og er eignin annáluð fyrir snyrtimennsku á allan hátt. Inngangur í Ásholtið er frá Laugarvegi og stendur húsið rétt austan við Hlemm, það er því á mjög



Húsið er mjög bjart og rúmgott.

kaup á þriggja herbergja íbúð að Ásholti 2 í Reykjavík, sem félagið fær afhenta 1. júní nk. Íbúðin í Ásholtinu er í stóru fjölbýlishúsi

góðum stað og miðborgin í þægilegu göngufæri.



Lokaður garður með leiktækjum er við Ásholtið. Hægt er að ganga beint út í garðinn úr íbúðinni.



Hér er mynd úr borðstofunni í Ásholti 2.



Stéttarfélag Vesturlands

Umsókn um orlofskosti sumarið 2011

Umsækjandi: _____ Kennitala: _____

Heimili: _____ Póstfang: _____

Vinnustaður: _____ Heimasími: _____ Farsími: _____

Hér fyrir neðan er gefinn kostur á að sækja um eina viku með allt að þremur valmöguleikum um stað og tímabil.
Merkið með töluinni 1 fyrir fyrsta val en 2 eða 3 fyrir varaval. Athugið að ekki er hægt að sækja um þær vikur sem eru skygðar.

Valkostur	Vika												
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
	3. júní til 10. júní	10. júní til 17. júní	17. júní til 24. júní	24. júní til 1. júlí	1. júlí til 8. júlí	8. júlí til 15. júlí	15. júlí til 22. júlí	22. júlí til 29. júlí	29. júlí til 5. ágúst	5. ágúst til 12. ágúst	12. ágúst til 19. ágúst	19. ágúst til 26. ágúst	26. ágúst til 2. sept.
Furulundur-Akureyri													
Illugastaðir													
Ölfusborgir													
Húsafell - Kiðarskógar 4													
Húsafell - Kiðarskógar 6													
Glaðheimar - Blönduósi													

Umsækjendur um flugávísanir Ícelandair merki við eftirfarandi valkosti:

Sótt um 1 ávísun	Sótt um 2 ávísanir
------------------	--------------------

Síðasti skiladagur umsókna er 20. apríl 2011

Stéttarfélag Vesturlands
Alþýðuhúsinu,
Sæunnargötu 2a
310 Borgarnes


Fyrir
frimerki



Aðalfundur Stéttarfélags Vesturlands verður 14. apríl 2011

Nánar auglýst síðar

Heimasíða félagsins er www.stettvest.is



Stéttarfélag Vesturlands

**Skrifstofur Stéttarfélags Vesturlands
eru opnar eins og hér segir:**

Borgarnes - sími 430 0430

Alþýðuhúsinu, Sæunnargötu 2a, í Borgarnesi
alla virka daga frá kl. 08:00-16:00

Búðardalur - sími 430 0435

Miðbraut 11, Búðardal
annan hvern fimmtudag frá kl. 9:30-12:30
(nánar útlistað á heimasíðu félagsins)

Hvalfjarðarsveit - sími 430 0436

Innrimelur 3, Stjórnsýsluhúsið
þriðjudaga frá kl. 8:30-12:30

Við minnum á símann 430 0430 - fax 430 0431 - netfang: stettvest@stettvest.is